

2. apríl 2020

Fréttatilkynning

Yfirlýsing EIOPA varðandi arðgreiðslur og breytileg starfskjör í tengslum við COVID-19

EIOPA lítur svo á að nauðsynlegt sé að tryggja aðgang að og samfellu í váttryggingastarfsemi með því að stuðla að því að váttryggingafélög geti gegnt því hlutverki sínu að færa áhættu frá almenningi og fyrirtækjum sem og hlutverki sínu sem fjárfestir í raunhagkerfinu. Til að ná þessu markmiði þurfa váttryggingafélög að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að tryggja gjaldpólsstöðu sína í því skyni að vernda váttryggingartaka og geta tekið á sig mögulegt tap.

Eins og fram kemur í yfirlýsingu EIOPA dags. 17. mars sl., er mælt til þess að í því ástandi sem nú ríkir ættu váttryggingafélög að gera ráðstafanir til að viðhalda eiginfjárstöðu sinni í samræmi við gerðar skuldbindingar og sýna fyllstu varfærni við útgreiðslu arðs og greiðslu kaupauka.

Í því samhengi skulu váttryggingafélög leitast við að tryggja að mat á heildargjaldpóli sé framsýnt og taki hæfilega mið af þeirri óvissu sem ríkir um hversu mikil og langvarandi áhrif af COVID-19 verða á fjármálamörkuðum og á hagkerfið í heild.

Með hliðsjón af þessari óvissu hvetur EIOPA váttryggingafélög til að fresta tímabundið öllum aðgerðum sem miða að útgreiðslu fjármuna til hluthafa, s.s. valkvæðum arðgreiðslum og endurkaupum á eigin bréfum, þar til umfang fjárhagslegra og efnahagsleg áhrifa af COVID-19 liggja fyrir.

Að teknu tilliti til þess að nauðsynlegt er að viðhalda skilvirkri og varfærinni ráðstöfun fjármagns innan váttryggingasamstæðu og að innri markaður Evrópu starfi eðlilega hvetur EIOPA til þess að váttryggingasamstæður beiti varfærinni nálgun þegar kemur að arðgreiðslum og öðrum millifærslum á fjármunum innan samstæðu, þegar það getur haft áhrif á gjaldpól eða lausafjárstöðu samstæðunnar eða hlutaðeigandi váttryggingafélaga. Samstæðan og eftirlitsaðilar skulu sameiginlega fylgjast grannt með framangreindu.

Varfærinni nálgun skal einnig beitt í tilviki breytilegra starfskjara. Þess er vænst að váttryggingafélög endurskoði núgildandi starfskjarastefnur, m.t.t. breytilegra starfskjara, í þeim tilgangi að tryggja að þær endurspegli núverandi efnahagsástand. Gæta skal hófs við greiðslu kaupauka og huga að því hvort fresta beri slíkum greiðslum.

Váttryggingafélög sem álíta sig bera lagalega skyldu til að greiða út arð eða háa kaupauka skulu skýra hinar undirliggjandi ástæður fyrir viðeigandi eftirlitsstjórnvaldi.